

„Heldri kona“ beitt sér fyrir auknum réttindum kvenna

Valgerður Jónsdóttir (1863–1913)

Í fyrsta tölublaði *Kvennablaðsins* árið 1914 kveður ritstjóri blaðsins, kvenréttindafrömuðurinn Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856–1940), „fjórar íslenskar merkiskonur“, sem höfðu nýlega fallið frá. Þrjár þeirra áttu það sameiginlegt að tilheyra efri stétt íslensks samfélags á þessum tíma. Sú fjórða var ólík hinum þremur, hafði alist upp við fátækt og af dugnaði og viljastyrk náð að eignast sitt eigið fyrirtæki.¹ Hún átti sem sagt ekki ólíka sögu og Bríet sjálf. Um konurnar skrifar Bríet m.a.:

Allar þessar konur áttu það sameiginlegt, að þær voru í æðstu tignarsætum íslenskra kvenna, og gátu því með því ýmist að beita sér fyrir mál, eða vinna að þeim, sem óbreyttir liðsmenn, í sameiningu við aðrar konur, unnið þeim ómetanlegt gagn, bæði með álitinu sínu og áhrifum á aðra. Megum vér því meira sakna þessarar hluttöku, sem fáar aðrar af heldri konum landsins hafa, enn sem komið er, viljað leggja fram krafta sína, hæfileika og álit, í samvinnu við aðrar konur, til forystu né fulltingis í áhugamálum vorum.²

Í orðum sínum leggur Bríet áherslu á það hvernig konurnar nýttu þjóðfélagsstöðu sína til þess að hafa áhrif og vinna að framgangi þeirra mála sem brunnu á konum á þessum tímum. Af orðum Bríetar kemur fram að þær hafi greint sig frá flestum „heldri konum landsins“ sem létu hjá líða að taka virkan þátt í gróskumiklu starfi kvenna sem um aldamótin 1900 unnu markvisst að því að auka réttindi kvenna til jafns við karla, en einnig að bæta kjör þeirra sem minna máttu sín í samfélaginu.

Víða í hinum vestræna heimi gegndi kirkja og kristin trú mikilvægu hlutverki í kvennabaráttunni á síðari hluta nítjándu aldar. Konurnar sem beittu sér hvað mest fyrir auknum réttindum kvenna voru margar með sterk tengsl inn í kristin samfélög og beittu gjarnan trúarlegri orðræðu í baráttu sinni en andstæðingar kvennabaráttunnar vísuðu líka oft og iðulega í Ritninguna. Undir lok tíunda áratugar nítjándu aldar kom *Kvennabiblían* (e. *The Woman's Bible*³) út. Hér var um að ræða skýringarrit við texta sem fjölluðu um konur og þá karlmiðlægni sem víða gætir í ritum Biblíunnar. *Kvennabiblíunni* var ritstýrt af Elizabeth Cady Stanton, sem var í framvarðasveit kvennahreyfingarinnar vestan hafs á síðari

¹ Þessar konur voru: Sigþrúður Friðriksdóttir háyfirdómarafrú, Valgerður Jónsdóttir biskupsfrú, Ragnheiður Hafstein ráðherrafrú og Sigríður Sigurðardóttir Bruun á Skjaldbreið. Sjá: Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Fjórar íslenskar merkiskonur“, *Kvennablaðið* 1/1914, bls. 1–3.

² Sama heimild, bls. 2.

³ Þó að fyrri hluti titilsins á frummálinu sé í eintölu þá er hefð fyrir því að nota fleirtölu í íslenski þýðingu.

helmingi nítjándu aldar. Stanton taldi nauðsynlegt að varpa ljósi á áhrif feðraveldisins innan gyðing-kristinnar hefðar og hvernig textum Ritningarinnar hafði verið beitt gegn konum. Það var skoðun Stanton að í Ritningunni væri líka að finna boðskap sem styrkti konur í baráttunni fyrir auknum rétti og virðingu til jafns við karla.⁴ Athyglisvert er að bera boðskap *Kvennabíbliunnar*, sem kom út í tveimur bindum árin 1895 og 1898, saman við fyrsta fyrirlesturinn sem kona hélt opinberlega á Íslandi. Hér er um að ræða fyrirlestur Bríetar Bjarnhéðinsdóttur um „hagi og rjettindi kvenna“.⁵ Fyrirlesturinn var haldinn í árslok 1887, eða tæpum áratug áður en fyrri hefti *Kvennabíbliunnar* kom út. Í fyrirlestrinum leggur Bríet áherslu á að finna rætur kúgunar kvenna í fortíðinni, sem hún finnur m.a. í Bíbliunni, eða réttara sagt hjá þeim sem hafa nýtt sér texta sem þar er að finna til að halda konum niðri. Um er að ræða talsverðan samhljóm á milli *Kvennabíbliunnar* annars vegar og fyrirlesturs Bríetar hins vegar. Ekki er vitað að hve miklu leyti Bríet þekkti til kvennabaráttunnar vestan hafs þegar hún hélt fyrirlestur sinn. Líklegt er að hún hafi þekkt eitthvað til hennar, en einnig byggt á eigin þekkingu og reynslu.⁶

Í greinasafninu *Kvennabarátta og kristin trú* (2009) er leitast við að greina áhrif kristinnar trúar á þær konur sem leiddu baráttuna fyrir kynjajafnrétti á Íslandi um aldamótin 1900, sem og þær kvennahreyfingar sem urðu til á þessum tíma og höfðu það að markmiði að efla konur og auka þátttöku þeirra í samfélaginu. Um er að ræða niðurstöður þverfaglegs rannsóknarverkefnis sem leitt var af Arnfríði Guðmundsdóttur guðfræðingi og Kristínu Ástgeirsdóttur sagnfræðingi og styrkt af Kristnihátíðarsjóði. Þetta var í fyrsta skipti sem þessi tengsl voru rannsökuð hér á landi en sambærilegar rannsóknir höfðu þá þegar verið gerðar víða um hinn vestræna heim. Í upphafi greinasafnsins er að finna grein um áhrif siðbótar Marteins Lúthers, eftir Arnfríði Guðmundsdóttur, þar sem gerð er grein fyrir þeim nýjungum sem siðbótin hafði í för með sér og vörðuðu líf kvenna, þar á meðal breyttan skilning á hjónabandinu og kenninguna um hinn almenna prestdóm. Greinum Nínu Leósdóttur guðfræðings um hjónabandið, eins og því er lýst í fimm húspostillum frá 1718 til 1901, og Erlu Huldu Halldórsdóttur sagnfræðings um orðræðu um hjónabandið á nítjándu öld, er ætlað að byggja brú frá Lúther til tíma kvennahreyfinganna í lok nítjándu aldar. Í kjölfarið kemur grein Kristínar Ástgeirsdóttur um áhrif kristinnar trúar á íslenskar kvennahreyfingar frá 1875–1930, en síðustu fjórar greinarnar eiga það sameiginlegt að fjalla um konur sem tilheyrðu framvarðasveit kvennabaráttu um aldamótin 1900. Fyrst er grein Arnfríðar Guðmundsdóttur um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og bíblíutúlkun í upphafi íslenskrar kvennabaráttu en næst á eftir kemur grein Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur mannfræðings um Ólafíu Jóhannsdóttur, sem var, eins og Bríet, frumkvöðull og virkur þátttakandi í mörgum kvennahreyfingum þessa tíma. Kristín Ástgeirsdóttir fylgir í kjölfarið

⁴ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Bríet og Bíblían: Um bíblíutúlkun í upphafi íslenskrar kvennabaráttu“, *Kvennabarátta og kristin trú: Greinasafn*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, Reykjavík: JPV, 2009, bls. 165–204, hér 184–190.

⁵ Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna“, *Kúgun kvenna*, Lærdómsrit Bókmenntafélagsins, ritstj. Vilhjálmur Árnason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997, bls. 329–367.

⁶ Bríet hafði áður tjáð sig um óréttlætið sem konur bjuggu við í grein sem hún skrifaði undir dulnefninu „Æsa“ og birtist í *Fjallkonunni* 5. júní 1885 undir heitinu „Nokkur orð um um menntun og rjettindi kvenna“. Þetta var fyrsta blaðgreinin sem birtist hér á landi eftir konu.

með grein um trúarleg viðhorf hjá þingkonunum Ingibjörgu H. Bjarnason og Guðrúnu Lárusdóttur. Síðust er grein Dagnýjar Kristjánsdóttur bókmenntafræðings um trúarleg stef í skáldsögum Kristínar Sigfúsdóttur.

Í inngangi greinasafnsins um tengsl íslenskrar kvennabaráttu og kristinnar trúar er fjallað stuttlega um Valgerði Jónsdóttur (1863–1913), eiginkonu Þórhalls Bjarnarsonar biskups Íslands (1855–1916). Þar er því haldið fram að tengslin milli kvennabaráttunnar og kristinnar trúar hafi verið sterk í lífi og starfi Valgerðar, en hún er einmitt ein þeirra „merkiskvenna“ sem Bríet skrifar um í *Kvennablaðinu* árið 1914 og vitnað er í hér að framan. Í þessari grein verður leitast við að svara því hver Valgerður Jónsdóttir var og hvaða ástæður búa að baki fullyrðingu Bríetar um að hún tilheyrði þeim þrönga hópi sem nýttu forréttindi sín til að bæta samfélagið og gera það hliðhollara þeim sem lög og samfélagslegar hefðir og hugmyndir höfðu fram að þessu verið fjandsamleg. Lögð verður áhersla á að varpa ljósi á það hvernig tengslum kristinnar trúar og kvennabaráttunnar var háttað hjá Valgerði og hvort sú staðhæfing sem sett er fram í inngangi greinasafnsins eigi við rök að styðjast.

Hvað aðrar heimildir áhrærir verður annars vegar stuðst við ævisögur sem ritaðar hafa verið um Tryggva Gunnarsson (1835–1917), fósturföður Valgerðar, og Þórhall Bjarnarson, eiginmann hennar. Valgerður er vissulega aukapersóna í þessum ævisögum en þar er engu að síður að finna mikilvægar upplýsingar um ævi hennar. Hins vegar er um að ræða heimildir sem hafa að geyma niðurstöður rannsókna á upphafsárum íslenskrar kvennabaráttu. Hér er fyrst að nefna doktorsritgerðir Auðar Styrkárardóttur, *From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík, 1908–1922* (frá 1998), og Erlu Huldu Halldórsdóttur, *Nútímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903* (frá 2011). Þar að auki er byggt á nýjum rannsóknarniðurstöðum sem birtust í bókinni *Konur sem kjósa: Aldarsaga* (frá 2020) eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur, Kristínu Svövu Tómasdóttur, Ragnheiði Kristjánsdóttur og Þorgerði H. Þorvaldsdóttur. Þá eru ómetanleg þau rit sem til eru um helstu kvennahreyfingar þessa tíma og koma hér við sögu, en það eru Thorvaldsensfélagið, Hringurinn, Hvítabandið og Kvenréttindafélagið. Af samtímaheimildum er helst að geta tímarits Bríetar Bjarnhédinsdóttur, *Kvennablaðsins*, en einnig bréfa Bríetar, sem sonardóttir hennar, Bríet Héðinsdóttir, gerði aðgengileg í bók sinni *Strá í breiðrið: Bók um Bríeti Bjarnhédinsdóttur* (frá 1988). Að lokum er ástæða til að nefna bækur Bjargar Einarsdóttur, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna* (1984–1986), sem hafa að geyma dýrmætar upplýsingar um líf og starf kvenna á Íslandi síðustu aldirnar, þó að Valgerður Jónsdóttir, sem er í aðalhlutverki í þessari grein, sé ekki á meðal þeirra.

Uppvöxturinn

Valgerður Jónsdóttir fæddist 27. júní árið 1863 að Bjarnastöðum í Bárðardal í S-Þingeyjarsýslu, dóttir Hólmsfríðar Hansdóttur frá Neslöndum og Jóns Halldórssonar hreppsstjóra. Valgerður var yngst af fjórum systkinum en faðir hennar druknaði þegar hún var aðeins tveggja ára gömul. Valgerður fór í fóstur til frænku sinnar, Halldóru Þorsteinsdóttur (1837–1875), eftir að Jón,

faðir hennar, féll frá. Halldóra var dóttir Þorsteins Pálssonar, prests á Hálsi í Fnjóskadal og síðar alþingismanns, og Valgerðar Jónsdóttur. Sr. Þorsteinn og Hólmfríður, móðir Valgerðar, voru systkinabörn og Valgerður og Halldóra því þremmenningar.⁷ Halldóra var gift Tryggva Gunnarssyni, sem var sonur sr. Gunnars Gunnarssonar, prests í Laufási, og Jóhönnu Kristjönu Gunnlaugsdóttur Briem, sýslumannsdóttur frá Grund í Eyjafirði. Halldóra og Tryggvi voru einnig stjúp systkini, en Þorsteinn, faðir Halldóru, og Jóhanna, móðir Tryggva, tóku saman eftir að þau höfðu misst fyrri maka sína.⁸

Halldóra og Tryggvi voru barnlaus, en þau bjuggu fyrstu hjúskaparár sín að Hallgilsstöðum í Fnjóskadal. Halldóru og Hólmfríði var vel til vana og þau Tryggvi og Halldóra voru stödd í Laufási er Jón, maður Hólmfríðar, var borinn til grafar. Sagan segir að Halldóra hafi strax orðið hrifin af Valgerði og litist vel á að taka hana í fóstur en Tryggvi verið tregur til að samþykkja það. Má vera að heilsuleysið sem Halldóra glímdi við frá upphafi hjúskapar þeirra hafi haft áhrif á afstöðu Tryggva.⁹ Þegar hér var komið sögu var Tryggvi orðinn mjög umsvifamikill, bæði í viðskiptum og stjórn málum. Stjórn málaferill hans varð langur en hann sat á Alþingi frá 1869 til 1885 og aftur frá 1894 til 1908.¹⁰ Valgerður ólst því upp á heimili sem tilheyrði yfirstétt þess tíma og hafði góða möguleika á að fylgjast með þjóðfélagsmálefnum.

Valgerður fluttist til Kaupmannahafnar tíu ára gömul með Halldóru, fóstur móður sinni, sem fór þangað til að leita sér lækninga. Þær fósturmæðgur voru þar saman í tæp tvö ár, eða frá sumri 1873 þar til Halldóra lést í mars 1875. Tryggvi var hjá þeim fyrri veturinn en hvarf til Íslands vorið 1874.¹¹ Aðeins nokkrum vikum áður en Halldóra dó, andaðist blóðmóðir Valgerðar, Hólmfríður, úr lungnabólgu og missti Valgerður því báðar mæður sínar á sama árinu, þá tólf ára gömul.¹² Hólmfríði hafði hún ekki séð frá því hún var tveggja ára en Halldóru hafði hún þekkt sem móður frá því að hún mundi eftir sér. Tryggvi afþakkaði boð vana sinna í Kaupmannahöfn um að taka Valgerði í fóstur. Hann vildi að hún færi aftur til Íslands til þess hún missti ekki tengslið við heimaland sitt og fólkið þar. Valgerður og Tryggvi sigldu saman heim sumarið 1875. Til að byrja með fór Valgerður í fóstur á Bessastöðum, hjá hjónunum Grími Thomsen (1820–1896) og Jakobínu Jónsdóttur (1835–1919), sem var frænka Halldóru heitinnar.¹³

Unglingsárin

Allt bendir til þess að hugsað hafi verið vel um Valgerði á Bessastöðum þó að dvölin þar hafi um margt reynt á hana. Grímur og Jakobína áttu ekki börn og

⁷ Þorkell Jóhannesson og Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson 2: Kaupstjóri*, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1965, bls. 314.

⁸ Þorkell Jóhannesson, *Tryggvi Gunnarsson 1: Bóndi og timburmaður*, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1955, bls. 99–101; Þorkell Jóhannesson og Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson 2*, bls. 309–310.

⁹ Þorkell Jóhannesson og Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson 2*, bls. 314–315.

¹⁰ <https://www.althingi.is/alttext/cv/is/?nfaerslunr=581>.

¹¹ Þorkell Jóhannesson og Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson 2*, bls. 319–320.

¹² Óskar Guðmundsson, *Brautryðjandinn*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2011, bls. 112.

¹³ Jakobína var systir Valgerðar Jónsdóttur á Hálsi í Fnjóskadal, móður Halldóru. Þorkell Jóhannesson og Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson 2*, bls. 326–327.

af bréfum Valgerðar til Tryggva, fósturföður hennar, má ráða að hún hafi fundið fyrir því að njóta ekki félagsskapar annarra barna. Veturinn sem Valgerður dvaldi á Bessastöðum var farið að huga að fermingarundirbúningi hennar og annarri fræðslu. Í bréfi Valgerðar til Tryggva, sem er dagsett á Bessastöðum þann 29. nóvember 1875, segir hún m.a.:

Ég er nú að lesa upp kverið mitt svo ég kundi þegar prófasturinn kemur að húsvitja fyrir jólin; svo les ég í Nýja testamentinu og í landafræði í lestrarbókinni, sauma dálítið og hjálpa til við ull; ég er frísk og við Bína erum oft kátar ...¹⁴

Undir vor segir Valgerður að sig sé farið að langa mjög norður til Akureyrar en Sigríður Þorsteinsdóttur (1841–1924), ritstjóri og systir fósturmóður hennar, hafði boðið henni að koma og vera hjá sér. Í bréfi til Tryggva segist Grímur halda að Valgerði langi norður. Henni sé velkomið að vera áfram hjá þeim en ef hún vilji fara og aðrir vilji fá hana norður þá telji þau hjónin best að hún fái að ráða því sjálf. Seinna skrifar Jakobína bréf til Tryggva þar sem hún styður það að Valgerður fari norður til frænku sinnar, þótt henni þyki „heldur leiðinlegt að sleppa henni aftur“.¹⁵

Valgerður dvaldi á Akureyri hjá Sigríði frænku sinni og Skafta Jósefssyni (1839–1905) ritstjóra, eiginmanni hennar, í tvö ár. Í bréfi til fósturföður síns segir hún að allir séu mjög góðir við sig á nýja heimilinu og henni líði þar miklu betur en á Bessastöðum. Hún segir honum líka að hún hafi áform um að byrja að safna fyrir dvöl í kvennaskóla. Valgerður, systir Halldóru fósturmóður hennar, var forstöðukona Kvennaskólans á Laugalandi og hefur hún líklega haft eitthvað með þessi áform unglingsstúlkunnar að gera. Loks trúir hún Tryggva fyrir því að hún vilji fermast hjá Arnljóti á Bægisá, sem var kvæntur Hólmsfríði, enn einni systur fósturmóður hennar. Það gengur eftir vorið 1878 en við það tilefni er Tryggvi skráður foreldri Valgerðar í kirkjubókum.¹⁶

Haustið 1878 fór Valgerður aftur út til Kaupmannahafnar ásamt fósturföður sínum og hélt Tryggvi sjálfur heimili fyrir Valgerði næstu árin þó að hann væri sjaldnast heima sjálfur. Þegar hann var fjarverandi voru það oft íslenskar ráðskonur sem sáu um heimilið. Á þessum árum fékk Valgerður tækifæri til að mennta sig. Hún gekk m.a. í kvennaskóla í Antorskov og eftir það lagði hún stund á nám í tungumálum, tónlist og öðrum listgreinum.¹⁷ Valgerður umgekkst unga Íslendinga sem voru við nám í Danmörku. Meðal þeirra voru Ingi-björg Skaftadóttir, frænka hennar frá Akureyri, og systkinin Soffía og Hannes Hafstein, börn Kristjönu, systur Tryggva. Þar var einnig vinur Hannesar, Þórhallur Bjarnarson, sonur sr. Björns Halldórssonar í Laufási. Tryggvi þekkti Björn frá því að hann var unglingur heima í Laufási en Björn var aðstoðarprestur föður hans.¹⁸ Þessi félagsskapur gerði Valgerði auðvelt fyrir að fylgjast með framgangi mála heima á Íslandi og þarna varð til vinátta til framtíðar.

¹⁴ Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson 3: Stjórnmalamaður*, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1972, bls. 178.

¹⁵ Sama heimild, bls. 180.

¹⁶ Óskar Guðmundsson, *Brautryðjandinn*, bls. 115–116.

¹⁷ Sama heimild, bls. 121.

¹⁸ Þorkell Jóhannesson, *Tryggvi Gunnarsson 1*, bls. 97–99.

Sjálfstæð ung kona

Valgerður ætlaði sér ekki að setjast að í Kaupmannahöfn og sumarið 1886 skrifar hún fósturföður sínum bréf, þá nýkomin aftur til Íslands. Þar segist hún vonast til að finna eitthvað að gera, svo að hún geti unnið fyrir sér.¹⁹ Um sumarið tekur hún stúlkur í einkakennslu. Hún sækir um kennslu við barnaskólann í Reykjavík og vonast til að það muni koma öðrum konum til góða ef hún fær starfið.²⁰ Valgerður gerir sér grein fyrir því að fólki muni finnast það skrítið að hún ætli að sjá fyrir sér sjálf en hún er staðráðin í því að láta það ekki á sig fá og vonar að hið sama muni gilda um Tryggva. Hún skrifar í bréfi til hans í september:

Það er nú annars gaman ef jeg kemst að við barnaskólann, því jeg er sú fyrsta stúlka sem hef vogað að sækja um kennslu þar, jeg vona, pabbi minn, að þjer sje sama um það, fólk snakkar nú kanski dálítið um það, enn jeg ætla mjer ekki að hlusta eptir því, nje láta það genera mig, það tekur því ekki.²¹

Haustið 1886 fær hún kennarastarfið við barnaskólann og er þar með fyrsta konan til þess að gegna þar kennslu. Valgerður er stolt af því, eins og kemur fram í þessum orðum hennar í bréfi sem hún skrifaði frænku sinni: „jeg er orðin kennarakona við barnaskólann hjer, sá fyrsti kvenmaður sem hefur vogað sjer það stóra Skridt!!!“²² Um veturinn kennir hún einnig handavinnu við Kvennaskólann, auk þess sem hún sinnir áfram einkakennslu.

Í bréfi sem hún skrifar fósturföður sínum um sumarið segir hún honum af trúlofun sinni og Þórhalls Bjarnarsonar, sem hún hafði kynnst í Kaupmannahöfn. Í svarbréfi tjáir Tryggvi bæði gleði og sorg vegna trúlofunar Valgerðar og Þórhalls. Hann kvíðir því að sjá á eftir henni inn í hjónaband en huggar sig við það að mannsefnið er sonur „besta vinar hans“, sem hann hefur þekkt frá fæðingu.²³ Þórhallur var, þegar hér var komið sögu, orðinn kennari við Prestaskólann í Reykjavík.²⁴ Þau Valgerður gengu í hjónaband haustið 1887 í Kaupangi í Eyjafirði en séra Matthías Jochumsson, sem var mikill vinur Þórhalls, gaf brúðhjónin saman. Valgerður og Þórhallur eignuðust fjögur börn á fjórum árum, þau Tryggva, Svövu, Björn og Dóru. Haustið 1896 flutti fjölskyldan í nýtt hús sem þau höfðu reist þar sem þá var útjaðar byggðar í Reykjavík, þó að nú sé það staðsett miðsvæðis í borginni. Húsið kölluðu þau Laufás, en hugmyndin að nýju híbýlunum var að fá tækifæri til að stunda búskap, að færa sveitina inn í bæ, eða í það minnsta vera í göngufæri við þéttbýlið.²⁵

¹⁹ Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson 4: Athafnamaður og bankastjóri*, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1990, bls. 91.

²⁰ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngernis á Íslandi 1850–1903*, Reykjavík: Sagnfræðistofnun — RIKK, Háskólaútgáfan, 2011, bls. 270.

²¹ Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson 4*, bls. 94.

²² Erla Hulda Halldórsdóttir, *Núttímans konur*, bls. 270.

²³ Sama heimild, bls. 96–97.

²⁴ Benjamín Kristjánsson, *Saga Prestaskólans og Guðfræðideildar Háskólans 1847–1947*, Reykjavík: Leiftur, 1947, bls. 177–190.

²⁵ Óskar Guðmundsson, *Brautryðjandinn*, bls. 185–190.

Virk í félagsskap kvenna

Væntingar almennings til prestskonunnar og eiginkonu biskups Íslands um aldamótin 1900 hafa án efa verið svipaðar og væntingar fólks höfðu verið um aldir til kvenna í svipaðri stöðu. Hún átti að styðja við bakið á eiginmanni sínum, halda heimili sem sæmdi stöðu hans og ala upp börn hans.²⁶ Þegar Valgerður giftist Þórhalli Bjarnarsyni haustið 1887 var hann vígður prestur. Hann þjónaði tímabundið við Dómkirkjuna í Reykjavík frá 1889 til 1890, en kenndi við Prestaskólann frá 1885 og varð forstöðumaður hans 1894. Hann var skipaður biskup Íslands 1908 og gegndi því embætti til dauðadags árið 1916.²⁷ Þó að Valgerður hafi gengið inn í hið hefðbundna eiginkonuhlutverk prestsins og síðar biskupsins var starfsvettvangur hennar ekki einskorðaður við heimilið heldur beitti hún sér líka á hinu opinbera sviði og var virkur þátttakandi í fjölmörgum félögum og hreyfingum kvenna í Reykjavík á meðan heilsa hennar leyfði. Í þeim efnum átti Valgerður sér sterkar fyrirmyndir frá uppvaxtarárum sínum en þar fóru fremstar í flokki móðursystur hennar, Valgerður Þorsteinsdóttir, forstöðukona Kvennaskólans á Laugalandi, og Sigríður Þorsteinsdóttir, ritstjóri kvennablaðsins *Framsóknar*. Í þessum félagskap kynntist Valgerður helstu forvígiskonum íslenskrar kvennabaráttu. Ein þeirra var Bríet Bjarnhéðinsdóttir, ritstjóri *Kvennablaðsins*, sem varð góð vin kona Valgerðar allt til enda þó að félagslegur bakgrunnur þeirra hafi verið býsna ólíkur, enda Bríet alin upp við fátækt og mikið vinnuálag strax í æsku.²⁸

Thorvaldsensfélagið var stofnað árið 1875 og er elst kvenfélag í Reykjavík. Tilgangur félagsins var „að vinna að almenningsheill og styrkja þá, sem við erfiðleika búa, eftir því sem efni og kraftur félagsins leyfa.“²⁹ Stofnendur félagsins voru 24 konur, sem áttu það sameiginlegt að vera vel menntaðar og „dætur háttsettra embættismanna eða kaupmanna.“³⁰ Valgerður gekk til liðs við félagið árið 1887, ári eftir að hún flutti til landsins og sama ár og hún gekk í hjónaband.³¹ Auk þess að vera meðlimur í Thorvaldsensfélaginu, tók Valgerður virkan þátt í starfi Hvítabandsins og var gjaldkeri í fyrstu og einu landstjórn þess.³² Að mati Kristínar Ástgeirsdóttur sagnfræðings er Hvítabandið það félag

²⁶ Um aðstæður eiginkvenna íslenskra presta á öldunum eftir siðbót má lesa í grein eftir Guðrúnu Ásu Grímsdóttur. Þar kemur fram að prestar hafi gjarnan verið synir presta og hafi gift prestsdætrum. Má í baklandi Valgerðar finna mjög marga presta þó að sjálf hafi hún ekki verið prestsdóttir. Sjá: Guðrún Ása Grímsdóttir, „Um íslensku prestskonuna á fyrri öldum“, *Konur og kristmenn: Þættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996, bls. 217–247. Frásögur íslenskra prestskvenna á tuttugustu öldinni má lesa í *Öll þau klukkaköll*, fyrri og síðara bindi, ritnefnd: Anna Sigurkarlsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Guðrún L. Ásgeirsdóttir, Brekku í Dýrafirði: Vestfirski forlagið, 2009 og 2011. Gerð hefur verið rannsókn á stöðu prestsfrúarinnar í sænsku kirkjunni síðustu 250 árin, þar sem m.a. kemur fram hversu mikil breyting hefur orðið á væntingum til eiginkvenna presta á þessum tíma. Margt bendir til þess að staða sænskra og íslenskra kvenna í þessari stöðu hafi á síðustu öldum átt ýmislegt sameiginlegt þar eð til þess var ætlast af þeim að þær tækju virkan þátt í starfi eiginmanna sinna, án þess þó að vinna þeirra væri metin til launa. Sjá: *Vid hans sida: Svenska prästfruar under 250 år — Ideal och verklighet*, ritstj. Ulrika Lagerlöf og Birgitta Meurling, Skellefteå: Artos, 2015.

²⁷ Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847–2002 2*, Reykjavík: Prestafélag Íslands, 2002, bls. 921–923.

²⁸ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Bríet og Biblían“, bls. 175–178.

²⁹ *Thorvaldsensfélagið 100 ára: Afmálsrit 1875–1975*, Reykjavík: Thorvaldsensfélagið, 1980, bls. 107.

³⁰ Sama heimild, bls. 16.

³¹ Sama heimild, bls. 123.

³² Björg Einarsdóttir, *Hringurinn í Reykjavík: Stofnaður 1904 — Starfs saga*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Hringurinn, 2002, bls. 121–122.

sem á þessum tíma „sameinar hvað best kristna trú og kvennabaráttu.“³³ Kristín telur jafnframt að hugmyndafræði þess hafi haft „mikil áhrif á íslenska kvennabaráttu enda félagskonur þess mjög virkar í öllu starfi kvennahreyfingarinnar.“³⁴ Hvítabandið var stofnað 1895 sem bindindisfélag kvenna og var upphaflegt takmark félagsins „að útrýma nautn áfengra drykkja.“³⁵ Einbeittu Hvítabandskonur sér að „bindindismálum fyrstu árin og töluðu fyrir bættu siðferði.“³⁶ Síðar var lögum félagsins breytt og hjálp við bágstadda bætt á stefnuskrána. Í samræmi við það stóð félagið fyrir „útlánum á sængurfatnaði fyrir sjúklinga, matar- og fatagjöfum, hjúkrun sjúkra og loks byggingu sjúkrahúss Hvítabandsins.“³⁷

Valgerður tók einnig þátt í starfi Hringsins í Reykjavík frá stofnun hans árið 1904 og starfaði þar fram til 1911, eða eins lengi og heilsa hennar leyfði. Var hún gjaldkeri Hringsins árið 1905.³⁸ Tilgangur þessa félagskappar var frekar óljós til að byrja með, fyrir utan það að vera skemmtifélag þeirra kvenna sem því tilheyrðu. Félagskonur samþykktu einróma á fjölmennum félagsfundi 31. október 1905 að félagið myndi einbeita sér að því „að styrkja berklaveika fátæklinga til að fá læknishjálp, aðra nauðsynlega aðstoð eða komast á spítala.“³⁹ Þegar berklaveikin var ekki lengur sá sjúkdómur sem áður hafði ógnað lífi og heilsu landsmanna einbeittu Hringskonur sér að því að vinna í þágu veikra barna með því m.a. að safna fyrir byggingu Barnaspítala Hringsins. Það brautryðjendastarf sem unnið var af kvenfélögum um aldamótin 1900 sýnir glögg hversu stórtækar konurnar voru þegar kom að því að sinna um þau sem þurftu á hjálp að halda í samfélaginu, hvort sem var vegna fátæktar, erfiðra heimilisaðstæðna eða veikinda.⁴⁰

Eins og áður hefur komið fram lét Valgerður ekki nægja að starfa með kynsystur sínum að því að hlúa að fátækum og sjúkum, ekki síst börnum, heldur var hún einnig í hópi þeirra kvenna sem vildu beita sér í þágu kvenna og aukinna réttinda þeirra. Að miklu leyti voru kvenréttindakonurnar þær sömu og störfuðu með Valgerði í félögunum sem unnu að góðgerðamálum. Árið 1894 var Valgerður ein af stofnendum Hins íslenska kvenfélags og í fyrstu stjórnendanevnd félagsins.⁴¹ Í aðdraganda stofnunar félagsins var mikið rætt um stofnun háskóla, en kvenréttindi voru frá upphafi aðalmálið eins og kemur fram í fyrstu lögum félagsins. Þar segir m.a.:

³³ Kristín Ástgeirsdóttir, „Í anda kristilegs kærleika: Kristni og kvennahreyfingar á Íslandi 1875–1930“, *Kvennabaráttu og kristín trú: Greinasafn*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, Reykjavík: JPV, 2009, bls. 107–163, hér 133.

³⁴ Sama stað.

³⁵ Margrét Guðmundsdóttir, *Aldarspor: Hvítabandið 1895–1995*, Reykjavík: Skákprent, 1995, bls. 24.

³⁶ Kristín Ástgeirsdóttir, „Í anda kristilegs kærleika“, bls. 134.

³⁷ Sama heimild, bls. 135.

³⁸ Björg Einarsdóttir, *Hringurinn í Reykjavík*, bls. 122.

³⁹ Sama heimild, bls. 10.

⁴⁰ Kristín Ástgeirsdóttir, „Í anda kristilegs kærleika“, bls. 137.

⁴¹ Björg Einarsdóttir, *Hringurinn í Reykjavík*, bls. 122.

Tilgangur félagsins er sérstaklega að auka réttindi kvenna á Íslandi og að glæða áhuga þeirra fyrir því að gæta fenginna réttinda og hagnýta sér þau, ennfremur að efla menningu kvenna með samtökum og félagsskap. Félagið vill einnig styrkja allt það, er horfir til framfara í landinu og ræða þau mál, sem efst eru á dagskrá þjóðarinnar og vinna að framgangi þeirra.⁴²

Á dagskrá félagsins var m.a. kosningaréttur kvenna, en árið 1895 gekkst félagið, undir forystu Þorbjargar Sveinsdóttur (1827–1903) ljósmóður, fyrir söfnun undirskrifta kvenna með þeim árangri að þúsundir skrifuðu undir áskoranir til Alþingis um jafnan rétt kvenna og karla í öllum málum.⁴³

Þegar komið var fram á tuttugustu öldina varð krafa um kosningarétt kvenna sífellt háværari. Bríet Bjarnhéðinsdóttir, ritstjóri *Kvennablaðsins*, var leiðandi í baráttunni fyrir kosningarétti kvenna á þessum árum og vildi hún breyta Hinu íslenska kvenfélagi í kosningaréttarfélag. Forysta félagsins vildi ekki víkja frá hinum upphaflega tilgangi og því greip Bríet til þess ráðs að stofna nýtt félag, sem einbeitti sér að kosningaréttinum. Valgerður var ein af fimmtán stofnendum Kvenréttindafélags Íslands árið 1907 en Bríet var kosin formaður félagsins og gegndi því hlutverki til 1927, þegar Laufey Valdimarsdóttir, dóttir hennar, tók við keflinu og var formaður til dauðadags, 1945.⁴⁴ Kvenréttindafélagið hafði frá upphafi að markmiði að íslenskar konur fengju „fullt stjórn-málajafnrétti við karlmenn, kosningarétt, kjörgengi svo og rétt til embætta og atvinnu með sömu skilyrðum og þeir“.⁴⁵

Kaflaskil urðu í íslenskri kvennabaráttu þegar konur buðu fram lista í bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík í janúar 1908. Hér gegndu kvenfélögin lykilhlutverki en þau sameinuðust um sérstakan framboðslista kvenna. Giftar konur kjósenda höfðu þá aðeins fáum mánuðum áður öðlast kosningarétt og kjörgengi í Reykjavík og Hafnarfirði, en „ekkjur og einhleypar konur sem áttu ákveðnar eignir og greiddu skatt“ höfðu haft þennan rétt frá árinu 1882.⁴⁶ Tryggvi Gunnarsson, fósturfaðir Valgerðar, var á þessum tíma þingmaður Reykjavíkur og var hann annar af tveimur flutningsmönnum frumvarpsins um kosningarétt til handa öllum bæjarbúum, körlum og konum, eldri en 25 ára. Hinn flutningsmaðurinn var Guðmundur Björnsson landlæknir. Frumvarpið var afgreitt sem lög frá Alþingi 22. nóvember 1907.⁴⁷

Bríet lét ekki sitt eftir liggja við að hvetja konur til dáða og notaði *Kvennablaðið* óspart sem vettvang til þess að koma boðskap sínum á framfæri. Hún vildi sjá konur sýna áhuga sinn á nýfengnum réttindum með því að kjósa konur til áhrifa í bæjarstjórn Reykjavíkur.⁴⁸ Kjarninn í rökstuðningi kvennanna fyrir sérstöku kvennaframboði var að konur „hefðu siðbætandi áhrif og væru betur til þess fallnar en karlar að starfa að fátækra- og velferðarmálum.“⁴⁹ Konur úr ýmsum kvenfélögum tóku virkan þátt í kosningabaráttunni og stýrði Valgerður

⁴² Björg Einarsdóttir, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna 1*, Reykjavík: Bókrún, 1984, bls. 231.

⁴³ Sama stað.

⁴⁴ Sama heimild, bls. 241–244.

⁴⁵ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil: Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*, Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1993, bls. 73–74.

⁴⁶ Kristín Ástgeirsdóttir, „Í anda kristilegs kærleika“, bls. 142.

⁴⁷ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 80–82.

⁴⁸ Sama heimild, bls. 82–83.

⁴⁹ Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem kjósa: Aldarsaga*, Reykjavík: Sögufélag, 2020, bls. 76.

biskupsfrú einni af níu hverfanefndum Kvenréttindafélagsins vegna kosninganna. Sigríður Th. Erlendsdóttir bendir á það í riti sínu um sögu Kvenréttindafélagsins, *Veröld sem var*, að allar konurnar sem kosnar voru formenn hverfanefndanna hafi verið vel þekktar í bæjarlífinu og hafi haft áhrif „langt út fyrir veggi heimila sinna, meðal annars vegna starfa sinna í kvenfélögum bæjarins.“ Þær hafi einnig átt það sameiginlegt að vera „giftar áhrifamönnum í bæjarlífinu“.⁵⁰ Þetta rímar við það sem Bríet hafði að segja um „heldri konurnar“ í kveðjugrein sinni í *Kvennablaðinu* og vitnað er til í upphafi þessarar greinar. Í hverri hverfisnefnd sátu þrjár konur. Hlutverk nefndanna var umfangsmikið og metnaðarfullt, en það var m.a. að „húsvitja og tala við hverja einustu konu sem kosningarétt hafði og heimsækja hvert einasta heimili í bænum“.⁵¹ Í doktorsritgerð sinni *From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík, 1908–1922*, lýsir Auður Styrkársdóttir því hversu vel skipulögð kosningabaráttu kvennanna hafi verið og segir að þær hafi verið frumkvöðlar á þessu sviði, en annað eins hafi ekki þekkt á Íslandi fram að þessu.⁵² Niðurstöður kosninganna voru afgerandi þar eð Kvennalistinn var sigurvegari þeirra með 21,3 % greiddra atkvæða. Allar fjórar konur listans komust í bæjarstjórn. Miðað við að konur voru í fyrsta sinn að kjósa í bæjarstjórnarkosningum vekur það athygli hversu góð kosningabátttaka þeirra var, hún var 49% en þátttaka karla var 63%.⁵³ Konur héldu áfram að bjóða fram sérstakan kvennalista og þær áttu sína fulltrúa í bæjarstjórn Reykjavíkur frá 1908 til 1922.⁵⁴

Í fyrrnefndri grein sinni um kristni og kvannahreyfingar á Íslandi 1875–1930, vekur Kristín Ástgeirsdóttir athygli á því að hvorki Bríet né aðrar íslenskar kvenréttindakonur um aldamótin 1900 hafi „gagnrýnt kirkjuna sérstaklega eða átt í deilum eða rökræðum við íslensku þjóðkirkjuna líkt og gerðist bæði í Svíþjóð og Finnlandi.“⁵⁵ Máli sínu til stuðnings bendir Kristín á að öflugir stuðningsmenn kvennabaráttunnar hafi verið á meðal presta og nefnir Matthías Jochumsson (1835–1920) og Ólaf Ólafsson (1855–1937) Fríkirkjuprest sem dæmi. Hún bendir einnig á þá staðreynd að tvær eiginkonur biskupa á þessum tíma, þ.e. Elina Sveinsson (1847–1934), eiginkona Hallgríms Sveinssonar (1841–1909), og Valgerður, kona Þórhalls, hafi tekið þátt í öflugu félagsstarfi kvenna á þessum tíma. Kristín dregur þá ályktun að eiginmenn þeirra hafi stutt báráttu þeirra eða a.m.k. ekki unnið gegn henni og gengur svo langt að telja þátttöku Valgerðar og Elinu gefa til kynna að „íslenska þjóðkirkjan hafi sýnt réttindabaráttu kvenna umburðarlyndi“⁵⁶ og valið að mótmæla ekki lögnum sem samþykkt voru árið 1911 jafnvel þrátt fyrir að þau veittu konum aðgang að prestsembættinu.

Vissulega voru skiptar skoðanir um þessi lög innan prestastéttarinnar, eins og var líka raunin á meðal alþingismanna sem sumir voru úr hópi presta. Þá er rétt að minna á að frumvarpið sem Hannes Hafstein lagði fram á Alþingi um

⁵⁰ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 84–85.

⁵¹ Sama heimild, bls. 84.

⁵² Auður Styrkársdóttir, *From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík — 1908–1922*, Umeå University, Department of Political Science, 1998, bls. 95–97.

⁵³ Erla Hulda Halldórsdóttir o.fl., *Konur sem kjósa*, bls. 76.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 141–142.

⁵⁵ Kristín Ástgeirsdóttir, „Í anda kristilegs kærleika“, bls. 139.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 140.

rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og til embætta var í öllum meginatriðum samhljóða frumvarpi sem Ólafur Ólafsson Fríkirkjuprestur og félagi hans, Skúli Thoroddsen, ritstjóri Þjóðviljans, lögðu fyrst fram á Alþingi árið 1891. Sr. Ólafur var ötull talsmaður kynjajafnréttis eins og kemur glögglega fram í fyrirlestri hans um „olnbogabarnið“, sem hann flutti í Reykjavík sumarið 1891, eða á sama tíma og hann og Skúli fluttu frumvarpið um aukin réttindi kvenna á Alþingi. Þá lét Ólafur til sín taka á „almennum kvennafundi“ sem Kvenréttindafélagið, ásamt Thorvaldsensfélaginu, Hringnum og Kvenfélagi Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, stóð fyrir snemma árs 1909 til að brýna þingmenn til að beita sér fyrir auknu jafnrétti kvenna og karla. Bríet Bjarnhéðinsdóttir segir í blaði sínu að Ólafur hafi fyrstur alþingismanna hvatt sér hljóðs og lýst yfir eindregnum stuðningi við tillöguna sem lögð var fram á fundinum og fjallaði m.a. um kosningarétt og kjörgengi til Alþingis og í sveitarstjórnnum og að veita þeim „jafnrétti við karlmenn við allar æðri mentastofnanir landsins, og til allra embætta og opinberra sýslana hér á landi“.⁵⁷

Ólafur Ólafsson Fríkirkjuprestur var enn og aftur á ferðinni á prestastefnu sem Þórhallur biskup kallaði saman á Þingvöllum sumarið 1909. Þar bar Ólafur ásamt Haraldi Níelssyni, síðar prófessor við Guðfræðideild Háskóla Íslands, fram tillögu þess efnis að prestastefnan lýsti yfir „fylsta samhug með jafnréttiskröfum kvenna“.⁵⁸ Í tímaritinu *Ísafold* segir „tíðindamaður“ blaðsins á Þingvöllum að vegna andmæla í hópi presta hafi biskup ákveðið að láta fulltrúa á stefnunni greiða atkvæði um það hvort tillagan skyldi borin upp. Þegar niðurstöður þeirrar atkvæðagreiðslu lágu fyrir og ljóst var að stuðningur var fyrir því að tillagan yrði borin upp, var gengið til atkvæða og tillagan samþykkt með 18 samhljóða atkvæðum.⁵⁹ Sigríður Guðmarsdóttir guðfræðingur hefur bent á að prestastefnan á Þingvöllum sé söguleg hvað það varðar að á henni hafi í fyrsta skipti farið fram umræða um jafnrétti kvenna og karla á kirkjulegum vettvangi á Íslandi.⁶⁰ Þórhallur sá ástæðu til að gera grein fyrir stuðningi prestastefnu við kröfur kvenna um aukið jafnrétti í *Nýju kirkjublaði* og í orðum sínum leggur hann áherslu á þann jákvæða vitnisburð sem ályktun prestastefnu fékk utan landsteinanna. Þórhallur skrifar:

Prestastefnan á Þingvelli fær lof fyrir yfirlýsingu sína um jafnrétti kvenna víða um lönd. Hingað barst núna eitt höfuðmálgagn kvenna í Boston; og er yfirlýsingin tekin þar upp til fyrirmyndar fyrir klerkdóminn vestur þar.⁶¹

Af orðum Þórhalls má greina að hann hafi kunnað að meta þá athygli sem ályktun prestastefnunnar hafði fengið vestan hafs hjá kvenréttindakonum sem töldu að íslenska prestastéttin gæti orðið starfsbræðrum sínum hinum megin

⁵⁷ Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Kvennafundurinn í Reykjavík“, *Kvennablaðið* 15:2/1909, bls. 10. Meira um kvenréttindamanninn séra Ólaf Ólafsson, sjá: Arnfríður Guðmundsdóttir, „Sr. Ólafur Ólafsson Fríkirkjuprestur og kvenréttindabaráttan um aldamótin 1900: Aðdragandi laga um rétt kvenna til embættisnáms, styrkja og embætta“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttorsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 395–415.

⁵⁸ „Prestastefnan á Þingvelli, jafnrétti kvenna“, *Ísafold* 42/1909, bls. 167.

⁵⁹ Sama stað.

⁶⁰ Sigríður Guðmarsdóttir, „Reynslan, jafnréttið og frelsið í skuggsjá Prestastefnunnar 1909“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 30/2010, bls. 142–151.

⁶¹ Þórhallur Bjarnarson, „Jafnrétti kvenna“, *Nýtt kirkjublað* 20/1909, bls. 240.

Atlantshafsins hvatning til að beita sér í baráttunni fyrir jafnrétti kvenna og karla.

Í umræðum á Alþingi um frumvarp til laga um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrkja og embætta komu, eins og áður sagði, fram skiptar skoðanir um ágæti þess að gefa konum aðgang að opinberum embættum, þar með talið prestsembættinu, en að mati margra Alþingismanna var slíkt hrein óráðsía. Var m.a. rætt um að láta lögin ná yfir öll embætti önnur en embætti prestsins. Nefnd sem átti að fjalla um réttmæti þess að veita konum réttindi til þess að gegna prestsþjónustu komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekkert í reglum hinnar evangelísk-lúthersku kirkju sem stæði í vegi fyrir því að konur yrðu prestar. Þar sem nefndin hafði áhyggjur af því að almenningur væri á móti því, lagði hún samt sem áður til að konur fengju ekki aðgang að prestsembættinu, eins og kemur fram í eftirfarandi ályktun:

Og með því að nefndin telur líklegt að eigi muni margar konur æskja þess að verða prestar, þá telur hún það þýðingarlítinn réttindamissi fyrir konur, þó að þessi undantekning sé gerð.⁶²

Hannes Hafstein, sem var flutningsmaður frumvarpsins, beitti sér gegn því að þessi málamiðlun yrði samþykkt. Sumir vitnuðu í Pál postula og orð hans um að konur ættu að þegja á safnaðarsamkomum í þessum umræðum, aðrir voru aftur á móti á öndverðum meiddi, þar á meðal prestur í hópi alþingismanna sem taldi að það væri „einmitt samkvæmt en ekki gagnstætt anda kristindómsins, að konur hafi í öllu jafnrétti við karlmenn“.⁶³ Þrátt fyrir skiptar skoðanir var frumvarpið engu að síður samþykkt án þess að undanþága væri gerð með prestsembættið. Það er ljóst að lögin sem tóku gildi 1911 mörkuðu kaflaskil, ekki aðeins í lífi íslenskra kvenna heldur allrar þjóðarinnar. Þáttur kvennahreyfingarinnar í þeim mikilvæga áfangasigri sem þarna var unninn var án efa mjög stór. Víst er að konurnar sýndu bæði áráðni og þrautseigju í baráttunni fyrir auknu jafnrétti kynjanna, þó að það tæki ár og jafnvel áratugi í einhverjum tilvikum að sjá þær breytingar verða að veruleika sem lögin gerðu mögulegar. Má sem dæmi nefna að fyrsta konan var vígð til prests innan íslensku þjóðkirkjunnar rúmum sextíu árum eftir að lögin tóku gildi og rúmlega hundrað ár liðu þar til fyrsta konan hlaut biskupsvígslu.

Veikindi Valgerðar og lífslok

Valgerður Jónsdóttir var ekki gömul þegar veikindi urðu þess valdandi að hún gat ekki lengur tekið þátt í starfi kynsystra sinna. Hún glímdi við krabbamein sem dró hana að lokum til dauða, tæplega fimmtuga að aldri. Í minningum sem Svava Þórhallsdóttir skrifar um móður sína minnst hún „trúarsterku konunnar“ sem háði baráttu sína við krabbamein í brjósti í átta ár. Svava segir að ekki hafi verið talað um veikindi móður sinnar en hún minnst þess að þegar hún var á göngu með móður sinni á unglingsaldri hafi móðir hennar yfirleitt haldið vinstri hendinni krepptri upp að brjóstinu og hlíft þannig veika brjóstinu.⁶⁴

⁶² *Alþingistíðindi* 1909, bls. 1341.

⁶³ Sama heimild, bls. 1338.

⁶⁴ Svava Þórhallsdóttir, „Og brosti æ mildar, æ mildar [frásögn af Valgerði Jónsdóttur]“, *Móðir mín 1*, ritstj. Pétur Ólafsson, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1949, bls. 97.

Eins og áður hefur komið fram, var Valgerður góð vinkona Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og samherji hennar í kvennabaráttunni. Í bókinni *Strá í breiðrið*, sem barnabarn Bríetar og nafna (Héðinsdóttir) tók saman og er að miklu leyti byggð á bréfum úr bréfasafni Bríetar eldri, segir frá heimsóknum hennar til Valgerðar þegar hin síðarnefnda lá banaleguna. Í bréfi sem hún skrifar 1. febrúar 1911, eða rétt tæpum tveimur árum áður en Valgerður dó, flytur Bríet Laufeyju dóttur sinni fréttir af Valgerði. Samkvæmt Bríeti var meinið þá komið í bæði brjóstin og ekki líkur á því að hún lifði önnur jól.⁶⁵ Það sem vekur sérstaka athygli í þessum bréfum Bríetar er hversu lengi Valgerður glímdi við mjög alvarleg veikindi og hversu lengi var ljóst að líkindi á því að henni batnaði voru hverfandi. Skiljanlega tók það á alla sem umgengust hana að verða vitni að langri og strangri baráttu hennar við þennan illvíga sjúkdóm. Lýsingar Bríetar eru í fullu samræmi við það sem kemur fram í bréfum Tryggva, fósturföður hennar, t.d. í bréfi sem hann skrifaði til Ingibjargar, dóttur Sigríðar og Skafta, í febrúar 1912:

Næsta mál á dagskránni er Valgerður okkar. Það er mjer og öllum sem þekkja óskiljanlegt að hún sje lifandi enn. Í fyrra sumar og næstl. sumar og fyrir ½ mán. ætlaði engin henni líf, en svo kemst hún yfir hverja hættu og raknar við; í rúminu liggur hún altaf rjóð, ungleg og falleg, talar aldrei kvörtunar orð, og er alt af glöð og ánægð í sinni trú þegar hún þolir við, sem oftast er, þegar hún brúkar morfin ... Hún veit hún deyr — krabbamein þetta er ólæknandi — og kvíðir því ekkert, segist hlakka til að finna H. fósturu sína ...⁶⁶

Í lok janúar 1913 lauk loks baráttu Valgerðar við krabbameinið. Hún skildi eftir sig handrit að bók sem hún hafði tekið saman í sinni löngu sjúkdómslegu. Eins og kemur fram í titli bókarinnar, sem er *Dagbókin mín: Orð úr heilagri ritningu og ljóð fyrir hvern dag ársins*, hafði hún valið texta fyrir hvern dag ársins, annars vegar orð úr heilagri ritningu og hins vegar erindi úr ljóði eða sálmi. Þannig tengdi hún saman „kristinn trúararf og bókmenntir þjóðarinnar um leið og hún leitaði sér svölunar í fögrum textum.“⁶⁷ Þórhallur, eiginmaður hennar, gaf bókina út eftir hennar dag en Valgerður hafði lokið við að skrifa inngangsorð, sem prentuð eru fremst í bókinni. Þar segir hún m.a. að þó að verkið hafi fyrst og fremst átt að stytta henni stundir og veita henni ánægju þá biðji hún Guð að gefa „að það megi leiða eitthvað gott af sér“.⁶⁸ Þá tjáir hún þá ósk sína að andvirði sölu bókarinnar verði notað til að styrkja konur sem þjást af sama sjúkdómi og hún. Bók Valgerðar ber vitni um þá huggun sem trúin veitti henni þegar heilsan brást og hún horfðist í augu við að þurfa að kveðja lífið og allt sem henni var kærast á jörðu. Eftir fráfall Valgerðar birti eiginmaður hennar „hugvekjukorn“ eftir hana, þar sem hún fjallar um það hvernig best sé að takast á við alvarleg veikindi. Þar segir hún m.a.: „Maður þarf að hafa fult traust á

⁶⁵ Bríet Héðinsdóttir, *Strá í breiðrið: Bók um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar*, Reykjavík: Svart á hvítu, 1988, bls. 101–102.

⁶⁶ Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson 4*, bls. 535.

⁶⁷ Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, „Inngangur“, *Kvennabarátta og kristin trú: Greinasafn*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, Reykjavík: JPV, 2009, bls. 9.

⁶⁸ Valgerður Jónsdóttir, *Dagbókin mín: Orð úr heilagri ritningu og ljóð fyrir hvern dag ársins*, Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1913. Sigurbjörn Á. Gíslason skrifaði um bók Valgerðar í *Bjarna* 17/1913, bls. 133. Hallgrímur Jónsson skrifaði líka um lát Valgerðar og bókina sem hún setti saman þegar hún lá banaleguna í *Unga Ísland* 8/1913, bls. 58. Báðir nefna þeir sérstaklega að ágóði af sölu bókarinnar verði notaður til að styrkja konur með krabbamein. Hallgrímur taldi það bera „mannúð“ Valgerðar gott vitni.

sjálfum sér og Guði. Hugsanir geta breytt öllu lífi og lífskröftum mannsins. Þeir sem líta björtum augum á lífið, eldast seinna, lifa lengur.“⁶⁹

Í upphafi þessarar greinar er vitnað í minningarorð sem Bríet Bjarnhéðinsdóttir birti í *Kvennabladinu* í ársbyrjun 1914, um „fjórar íslenzkar merkiskonur“ sem höfðu þá nýlega fallið frá. Bríet kvaddi þar Valgerði Jónsdóttur, kvenréttindakonuna og vinkonu sína, með fallegum vitnisburði. Hún segir Valgerði hafa verið frjálslýnda, vel menntaða og trúrækna, þó að hún hafi ekki haft hátt um það og ekki dæmt neinn fyrir aðrar skoðanir. Bríet leggur áherslu á einlægán áhuga Valgerðar á bættri stöðu kvenna í íslensku samfélagi, líka eftir að hún var orðin veik:

Hún vildi að konur væru alstaðar með karlmönnum, þar sem unnið væri að velferð lands og lýðs. Eg man vel eftir því, hvað hún var heit fyrir því um bæjarstjórnarkosningarnar, veturinn 1911, að fá nýta eða nýtar konur í bæjarstjórnina, og var hún þó rúmföst þá.⁷⁰

Það er í fullkomnu samræmi við annað sem Bríet skrifaði um vinkonu sína, að hún skuli hafa verið sannfærð um að hefði Valgerður lifað lengur, hefði hún „margt gert til að vinna að ýmsum nytsemdarmálum kvenna“.⁷¹

Lokaorð

Valgerður Jónsdóttir tilheyrði frá barnæsku efri stétt samfélagsins og af þeim sökum einkenndist líf hennar af forréttindum sem íslenskar alþýðukonur á þessum tíma þekktu aðeins af afspurn. Því fer fjarri að líf hennar hafi verið dæmigert fyrir allar samtímakonur hennar, þó að hún hafi deilt reyngslunni af því að lifa í samfélagi sem var stýrt af körlum með kynsysturum sínum. Í fyrsta lagi ber að nefna skólagöngu hennar, en á meðan á dvöl hennar í Kaupmannahöfn stóð hafði hún aðgang að meiri menntun en venja var um konur á þessum tíma. Vegna þess hve vel menntuð hún var fékk hún starf við kennslu þegar hún flutti aftur til Íslands, bæði í Kvennaskólanum í Reykjavík og í barnaskólanum í Reykjavík. Þar að auki sinnti hún heimakennslu. Í öðru lagi setti þátttaka Valgerðar í kvenfélögum svip sinn á fullorðinsár hennar, en eins og fleiri konur úr efri stéttum samfélagsins um aldamótin 1900 nýtti hún stöðu sína til að beita sér fyrir að bæta stöðu og auka áhrif kvenna.

Valgerður ólst upp við fjárhagslegt öryggi, umhyggju og gott atlæti en áföllin sem hún varð fyrir í æsku hljóta samt að hafa haft mótandi áhrif á hana. Má ætla að vilji hennar til að styðja veika og fátæka hafi að einhverju leyti haft með reyngslu hennar sjálfrar að gera. Valgerður hafði bæði metnað og vilja til að standa sig og var staðráðin í því að sýna sjálfstæði sitt og geta staðið á eigin fótum eftir að hún flutti aftur til Íslands upp úr tvítugu en hún hafði ekki bara metnað til að vera fjárhagslega sjálfstæð, heldur líka til þess að starfa við það sem hæfði menntun hennar. Með þátttöku sinni í félagsskap kvenna í Reykjavík, ekki síst í kvennapólitíkinni í upphafi tuttugustu aldar, skrifaði Valgerður nafn sitt skýrum stöfum í mjög mikilvægan kafla í íslenskri kvennasögu. Hér höfðu áhrifin af starfi hennar með vinskáp við helstu forkólfa í réttindabaráttu

⁶⁹ Valgerður Jónsdóttir, „Á sjúkraðeði“, *Nýtt kirkjublað* 13/1913, bls. 146.

⁷⁰ Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Fjórar íslenzkar merkiskonur“, bls. 1–2.

⁷¹ Sama heimild, bls. 2.

kvenna í Reykjavík um aldamótin 1900 sitt að segja. Þessar konur unnu frumkvöðlastarf sem skilaði íslenskum konum lagalegum réttindum strax í upphafi tuttugustu aldarinnar sem breyttu lífi þeirra til framtíðar.

Valgerður lifði á einstökum tímum, þegar konur voru að hefja réttinda-baráttu sína og vinna mikilvæga sigra, sem mörkuðu þáttaskil í íslensku samfélagi. Löggin frá 1911 og 1915 höfðu meiri áhrif á líf komandi kynslóða kvenna en nokkur önnur íslensk lög hafa gert, bæði fyrir og síðar. Orð Bríetar um þær „heldri konur“ sem notuðu þjóðfélagsstöðu sína til að leggja sitt af mörkum til að vinna að því að draumur kvenna um fullan aðgang að menntun, skólastyrkjum og opinberum embættum, að ekki sé talað um réttinn til að kjósa og bjóða sig fram til þátttöku í stjórnámálum, sýna hversu mikilvæg þátttaka Valgerðar og annarra kvenna í efri lögum samfélagsins var í baráttunni fyrir betra og réttlátara samfélagi. Þau störf sem Valgerður tók sér fyrir hendur og sá félagsskapur sem hún léði krafta sína bera vitni um þau gildi sem hún stóð fyrir og þá heimsmynd sem hún aðhylltist og vildi sjá raungerast í íslensku samfélagi.